



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

I. tbl. 2009 - 19. árg.

Apríl 2009

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur FÍL verður haldinn fimmtudaginn þann 7. maí næstkomandi kl. 20:30 í Arizona Lounge í Contern.

Dagskrá aðalfundar

- 1 Fundarsetning
- 2 Kosning fundarstjóra
- 3 Kosning fundarritara
- 4 Fundargerð síðasta aðalfundar lesin
- 5 Skýrsla stjórnar
- 6 Skýrsla gjaldkera
- 7 Kosning nýrrar stjórnar
- 8 Kosning endurskoðenda
- 9 Lagabreytingar
- 10 Önnur málefni
- 11 Fundarslit

Vantar fólk í stjórn, hafið samband við Sigrúnu eða Ingva ef áhugi er fyrir hendi.
Stjórn FÍL

Íslenskukennsla

Íslenskukennsla FÍL í Ernster er lokið á þessari önn vegna dræmrar þátttöku.



Íslenskukennsla FÍL í International-skólanum hefur gengið betur en er einnig lokið á þessari önn.

Stjórn FÍL

Sniðin heim

Þeim sem finnst gaman að sauma og kunna á saumavél ætti að nýttast þessi vefsíða www.sewdirect.com því þar er að finna nýjustu snið af alls konar tiskuflikum, Vogue, McCall og Butterick.

Saumfar er alltaf teiknað inn á nýjustu sniðin svo ekki þarf að klippa utan við sauminn eins og áður þurfti.

Flettið vörulistunum, klikkið á þau snið sem eru áhugaverð og svo er eftirleikurinn auðveldur.

Ritstjóri / Netíð

Guðsþjónusta

Guðsþjónusta um páskana hefur ekki verið tímasett, það verður auglýst sérstaklega.



Næsta guðsþjónusta verður 31. maí 2009 kl. 14:00 í kirkju Mótmælenda, 5 rue de la Congrégation í Luxembourg. Sr. Sigurður Arnarson mun predika og ferma Elísu Óskarsdóttur.

Stjórn FÍL

Iceland Express

Sumaráætlun Iceland Express hefst 1. júní næstkomandi.

Flogið verður til:
Frankfurt Hahn, tvisvar í viku, þriðjudögum og fimmtudögum.
Eindhoven, einu sinni í viku, mánudögum.
Paris, einu sinni í viku, sunnudögum.

Sértilboð til meðlima FÍL:

Áfangastaðir: Eindhoven, Frankfurt Hahn og París

Verð: 62 EUR o/w + skattar og gjöld

Bókunartímabil: 1. - 15.4.2009

Ferðatímabil: 1. - 29.6.2009

Bókað með því að senda e-mail á matthildurk@icelandexpress.com

Iceland Express



Velkomin um borð
Iceland Express - MIA Group

Kirkjunefnd

Kirkjunefndin ráðgerir að hafa samkomu / kvöldverð föstudaginn 24. apríl næstkomandi á Arizona Lounge í Contern. Þetta verður nánar auglýst síðar.

Jólaball FÍL

Jólaball FÍL var að þessu sinni haldið á annan í jólum í Am Sand salnum í Niederanven.

Börn og fullorðnir mættu fin og kát með kökur og alls konar góðgæti á hlaðborðið. Giskað er á að um 120 manns hafi mætt.



Kærar þakkir til Sigurlaugar Gunnarsdóttur sem tók myndirnar
Ritstjóri

Vefpula fyrir lesblinda

Frábær lausn fyrir lesblinda. Tölvuróddin Ragga les upp texta sem valinn er af Netinu.

Þjónustan er ókeypis og sérstaklega ætluð lesblindum. Engan sérbúnað þarf til að nýta þjónustuna en slóðin er <http://www.hexia.net/upplestur>

Vefpulan

Í þessu blaði:

Aðalfundur FÍL	1
Guðsþjónusta	1
Kirkjunefnd FÍL	1
Íslenskukennsla	1
Jólaball FÍL	1
Iceland Express	1
Vefpula fyrir lesblinda	1
Presturinn okkar	2
HBS meðferð í Lux	2
Myndlistarsýning Völu	2
Friðagar í Luxembourg	2
Energy Pass	2
Geðheilsa í krepplunni	3
Þorablót 2009	3
Nei - Aarbecht Foyer	3
Emiliana Torrini - Lay Low	3
Sársaukinn í samfélaginu	4
Kjóláhönnuður o.fl	5
Bækur og geisladiskar	5
Ráðagóðahornið	5
Rúna sýnin í Metz	5
Skálanes í Seyðisfirði	5
Fjórir synir o.fl.	5
Litlu dálkarnir	6



Á döfinni:

- Iceland Express
- Fiskbillinn 4. apríl 2009
- Kirkjunefnd 24. apríl
- Myndlistarsýning Völu 29. apríl
- Höfuðbeina- og spjaldhyggsmeðferð mánaðarmót apríl / maí
- Aðalfundur FÍL 7. maí
- Guðsþjónusta 31. maí 2009

Munið að taka daginn frá og mæta á aðalfundinn

Ritstjóri / Netíð



Presturinn okkar

Vakin er athygli á því að nú er hægt að nálgast upplýsingar um Íslenskt kirkjustarf í Luxembourg í gegnum "Facebook.com".

Markmiðið er að koma reglulega á framfæri upplýsingum við íslendinga í Luxembourg um íslenskt kirkjustarf þar. Íslenski presturinn í Lundúnum hefur umsjón með síðunni.

Sigurður Arnarson

Prestur Íslenska safnaðarins í Lundúnum/Chaplain
Íslenska sendiráðinu í Lundúnum/Embassy of Iceland
in London

2A Hans Street
SW1X 0JE, London, England
Tel:+(44) 207 259 3999
FAX +(44) 207 245 9649
E-mail chaplain@utn.is

Frídagar í Luxembourg

Calendrier des vacances scolaires

Année scolaire 2008-2009

Vacances de Pâques Du 4 au 19 avril 2009

Jour férié légal 1er mai Vendredi 1er mai 2009

Ascension Jeudi 21 mai 2009

Congé de la Pentecôte Du 23 mai au 2 juin 2009* skoðið sérstaklega hér að neðan.

Congé pour Fête Nationale 23 juin 2009

Vacances d'été Du 16 juillet au 14 septembre 2009

*** Congé initialement prévu du 30 mai au 7 juin déplacé à cause des élections législatives et européennes**

2009 - 2010

Rentrée scolaire Mardi 15 septembre 2009

Congé de la Toussaint Du 31 octobre au 8 novembre 2009

Vacances de Noël Du 19 décembre au 3 janvier 2010

Congé de Carnaval Du 13 au 21 février 2010

Vacances de Pâques Du 27 mars au 11 avril 2010

Jour férié légal 1er mai Samedi 1er mai 2010

Ascension Jeudi 13 mai 2010

Congé de la Pentecôte Du 22 au 30 mai 2010

Congé pour Fête Nationale 23 juin 2010

Vacances d'été Du 16 juillet au 14 septembre 2010

Source: men.lu

HBS meðferð í Lux



Stefanía Ólafsdóttir íhugar að koma til Luxembourg um mánaðarmótin apríl / maí. Hún býður upp á meðferð í Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun eða Cranio Sacral Therapy. Meðferðin hefur áhrif m.a. á stoðkerfið, taugakerfið, blóðrásarkerfið, ónæmiskerfið, bandvefi og innri líffæri að ógleymdu vökva- og orkuflæði líkamans.

Kemur að sérlega góðum notum fyrir börn og ungbörn, t.d. vegna magakveisu, eyrnabólgu, kirtlavandamál eða misþroska vegna truflana sem tengjast miðtaugakerfinu, kvíða og svefntruflana og fyrir konur sem eru að jafna sig eftir meðgöngu og fæðingu eða keisaraskurð, fæðingarþunglyndi eða samgróninga.

Tímabantanir og nánari upplýsingar um stað og tíma eru veittar í síma +354 517 4290 eða +354 868 2880 og +352 621 410 678

nyjaland@gmail.com

www.nyjaland.net

Stefanía Ólafsdóttir

Homes to require energy pass

That concerns both property owners and those renting a property

News Details 02-MAR-09

Homes to require energy pass

Beginning January 1 next year, each building in Luxembourg will be required to earn an energy pass before it can be sold or rented.

The certificate will recognize that a building meets the energy requirements of class D, which corresponds to a fuel consumption of nine liters per year.

To check for these requirements, an expert will take into account the insulation and technical equipment such as heating.

The energy pass requires a site visit by an architect, engineer or other expert. According to the building and the provider, the certificate will cost between 500 and 1,000 euros.

Energy passes already exist, but are not enforced.

Fréttatilkynning

Ritstjóri þakkar Bergdísí Paul

Myndlistarsýning Völu

Vala Björg Arnardóttir mun opna myndlistarsýningu miðvikudaginn 29. apríl 2009 á Arizona Lounge í Contern 2 - 4 rue Edmond Reuter kl. 18:00 - 20:00.

Nánar verður fjallað um myndlist og sýningu Völu síðar.

Hægt er að ná í Völu á heimilisfanginu 3 Rue Dr Felix Worre, L-6942 Niederanven, Luxembourg, á e-maili vala@pt.lu og í sínum +352 621 674 427 og +352 2694 5378

Ritstjóri



Hús til leigu í Reykjavík

160 fm hús til leigu í sumar á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Húsið er staðsett í Þingholtunum nánar tiltekið að Bjargarstig 16, 101 Reykjavík. Húsið leigist út með húsgögnum. Svalir /sólbáðspallur er út frá stofu.

Leigutími er júní, júlí og ágúst 2009 og eru verðhugmyndir; 1 dagur 30.000 kr. og 1 vika 150.000 kr. Tilboð líka möguleg.

Þetta er tilvalið fyrir íslenskar fjölskyldur búsettir erlendis á leið heim til Íslands í sumarfrí.

Upplýsingar og nánari lýsing á húsnæðinu er hægt að nálgast á netfanginu svavaki@simnet.is eða í síma +354 551 1820 og +354 867 7882

Svava K. Ingólfsdóttir



Geðheilsa í kreppunni

HVAÐ ER GEÐHEILSA?

Hugsanir, líðan og viðbrögð við aðstæðum í lífinu segja til um geðheilsu okkar.

Sjálfsmat, afstaða til lífsins og fólksins sem við þekkjum og þykir vænt um segir einnig til um hana. Einnig eru viðbrögð okkar við álagi, tengsl við annað fólk og ákvarðanatöku til marks um geðheilsu.

LÍKT OG LÍKAMLEG HEILSA SKIPTIR GEÐHEILSAN ALLA MIKLU MÁLI Á HVAÐA ALDRI SEM ÞEIR ERU.

ÆDRULEYSISBÆNIN.
(GOTT RÁÐ TIL AÐ HALDA GEÐHEILSU)

Guð gefi mér æðruleysi.

Æðruleysi- til að ihuga alla hluti sem koma upp, með ró.
Æðruleysi- fyrir augnabliks íhugun, áður en ég framkvæmi.

Æðruleysi- til að greina milli neikvæðrar og jákvæðrar gagnrýni.

Æðruleysi- til að skilja aðstæður.

Æðruleysi- til að leyfa öðrum að hafa skoðanir.

Til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt.

Sætta mig við- að eina mannveran sem ég get breytt, er ég sjálf/sjálfur.

Sætta mig við- mínar takmarkanir.

Sætta mig við- að brotið gler verður aldrei heilt.

Sætta mig við- að ég get ekki breytt fortíðinni.

Sætta mig við- að hugarró mín er undir sjálfri/sjálfum mér komin.

Kjark til að breyta því sem ég get breytt.

Kjark- til að aga sjálfan mig.

Kjark- til að viðurkenna gallana og einbeita mér að því að uppræta þá.

Kjark- til að viðurkenna minn þátt í ástandinu.

Kjark- til að standa við sannfæringu mína, þó að ég standi ein/einn.

Kjark- til að lifa í friði og ró, og hafa ekki áhyggjur af morgundeginum.

Og vit til að greina þar á milli.

Vit - til að vera stuttorð og þegja þegar það á við.

Vit - til að leita frekar sátta, heldur en réttar.

Vit - til að skilja að minn sannleikur er alfarið minn.

Vit - til að skilja að AUGNABLIKID OG EILIFÐIN ERU EITT OG HIÐ SAMA.

María Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. +352 358 556
E-mail huesmann@opt.lu

Nei-Aarbecht Foyer

Góðgerðarmálefni

Ef þarf að losna við húsgögn og heillega hluti hringið í neðangreinda aðila og þeir koma og sækja!

Fólk sem hefur misstigið sig í lífinu fær þarna tækifæri til að nýta tímann í að gera við, hreinsa hlutina og/eða taka þá í sundur til að búa til eitthvað nýtilegt og peningar sem koma inn eru gefnir í góðgerðarmálefni.

CNDS-NEI-AARBECHT FOYER HELMDANGE
Tel. 33 22 59

Vcard ONG, Associations caritatives

Þorrablótið 2009

Þorrablót FÍL var haldið á Parc Alvisse Hotel í Dommeldange þann 14. febrúar síðastliðinn með miklum hátíðarblæ.

Veislustjórnar kvöldsins voru þau Anna Björg Birgisdóttir og Guðbrandur Guðbrandsson. Matreiðslumenn voru þeir Snæbjörn Kristjánsson og Hallgrímur Már Jónasson. Um fjöldasöng sáu "Þrír á palli" Hermann Bragi Reynisson, gítar, Skúli Magnússon, gítar og Torfi Halldórsson, gítar.

Danshljómsveitin var "Sálin hans Jóns míns" en hana skipa, Stefán Hilmarsson, söngur, Guðmundur Jónsson, gítar, Friðrik Sturluson, bassi, Jens Hansson, hljómborð, rafsaxófonn og bakródd og Jóhann Hjörleifsson, trommur og slagverk.

Mættir voru 212 manns og eins og myndirnar sýna með sér var mjög skemmtileg stemning.

Ritstjóri



Emiliana Torrini í Lux

Emiliana hélt glæsilega tónleika á Atelier í miðborg Luxembourg þann 3. febrúar síðastliðinn.



Þar kom hún fram með flottri hljómsveit, þar á meðal Sigtryggi Baldurssyni sem nefndur hefur verið Bogomil Font. Fjölmargir íslendingar komu og sáu og skemmtilegt var að heyra að útlendingar þekktu líka lögin og höfðu mikið gaman af.



Lay Low var upphitari Emiliönu og gerði það hreint út sagt flott.

Ritstjóri

Eldri menn

Tveir eldri menn voru saman á golfvöllinum og annar var að fara að þútta kúlnni í holuna þegar líkfylgd fór fram hjá. Maðurinn snarhætti við að taka þúttið, tók ofan og hneigði sig.

- Ég vissi ekki að þú bærir svona mikla virðingu fyrir hinum látnu, sagði hinn.

- Við vorum jú gift í 40 ár, sagði þúttarinn þá.

Ritstjóri / Netíð

Veðhlaupahestur

- Hver er þessi Dollý sem þú talar svo oft um upp úr svefninum Jón? Spurði eiginkonan.

- Æ, það er hestur sem ég veðja stundum á."

Eiginkonan daginn eftir:

- Jón minn. Hesturinn sem þú veðjaðir á í kappreiðunum hringdi til þín áðan.

Ritstjóri / Netíð

Sársaukinn í samfélaginu

Sársaukinn í samfélaginu - Guðfræðin og hrúnið
23. febrúar 2009

Sársauki hefur hríslast um íslenskt samfélag síðustu vikur og mánuði, sársauki brostinnar vona. Kvíði og ótti hefur seytláð inn hjá ungum jafnt sem öldnum. Í ævintýraheimi barnanna verður kreppan að ófreskju. Fólk á öllum aldri sem hélt að það byggji við fjárhagslegt öryggi í skipulegu og góðu samfélagi finnur jörðina gliðna undir fótum sér. Ungt fólk berst nú við að halda húsnæði sínu sem allt látbragð samfélagsins sagði því að óhætt væri að kaupa. Tugþúsundum saman horfir fólk á eftir atvinnu sinni, ungir sem aldrei horfa á eftir glötuðu sparifé sem ætlað var til húsnæðiskaupa, til efri ára eða til að stuðla að öryggi afkomendanna. Íslenskt samfélag hefur upplifað ranglæti sem snertir okkur öll. Upplifunin er sterk og hún er vond. Við getum orðað það svo að við höfum verið rænd, velferðinni hafi verið stolið og allt átti þetta sér stað í dagsbirtu fyrir framan nefið á okkur. Framtíð barnanna okkar hefur verið sett í uppnám. Þetta eru skrytnir tímar, umbrotatímar og það er sársauki í samfélaginu okkar. Við erum líka með sektarkennd vegna þess að við trúðum á það sem var að gerast, vorum flest hver ekki á varðbergi ekkert frekar en þau sem áttu þó að vera á verði fyrir okkur, stjórnvöld og eftirlitsstofnanir. Gætum einnig að líðan þeirra.

Klassískum gildum ýtt út

Tíminn eftir efnahagshrunið hefur gengið nærri einstaklingum, fjölskyldum og þjóðinni allri. En hrúnið kom ekki úr tóminu, það er ekki eins og allt hafi verið með felldu en svo hafi skyndilega dregið ský fyrir sólu.

Hægt og bitandi hefur klassískum gildum verið ýtt til hliðar. Orð eins og samkeppni, velta, vöxtur og verðbréfamarkaður voru orðin flestum töm. Fátíðari voru hins vegar orð eins og samvinna, umhyggja, sannleikur og vinátta. Glansmyndir voru dregnar upp af ríku fólki og það sett á stall. Gegndarlaus fjáraustur í hégóma var hafið upp til skýjanna. Peningar og gróði urðu mælikvarði lífshamingju. Spurt var um hvað væri löglegt, ekki hvað væri siðlegt eða réttlátt. Vangaveltur um að viðskipti og aðrir gjörningar væru löglegir en siðlausir, meira hafðar í flimtingum heldur en að siðleysi væri fordæmt. Útkoman var hörmuleg, um það er ekki deilt.

Glerhýsi í stað dómkirkju

Tíðarandi hins rangláta kerfis sýnir okkur hvaða verðmæti eru sett efst í þeirri heimsmýnd sem því tilheyrir. Í drottunarkerfum eru það völd og auður. Það sem auðkennt hefur vestræn þjóðfélög í seinni tíð umfram önnur er einmitt þetta: vægi auðs og valda. Flest önnur þjóðfélög litu hornauga græðgi og auðmenn sem bærust á. Nútíma þjóðfélög á Vesturlöndum er hins vegar orðið að „hagkerfi“ þar sem neysluhyggja er meginuppistaðan; Glerhýsi er komið í stað

dómkirkju, milljarðarmæringur í stað hetju, forstjóri í stað dýrlings og hugmyndafræði græðginnar í stað trúarbragða.

Kærleikurinn bestur

Það er ekki ofsagt að reiði og sársauki hafi sett svip sinn á undanfarna mánuði - innbyggð hjá mörgum, en sem betur fer hafa margir látið í sér heyra og krafist réttlætis. Reiði verður að fá útrás og réttlætið verður að ná fram að ganga ef möguleiki á að vera á því að hún sefist. Undir því er félagsleg velferð og líðan okkar allra komin.

Aðkoma okkar sem ritum þessa grein að umræðu dagsins er frá sjónarhóli guðfræðinnar, fræðigreinar sem er samofin arfi kristinnar trúar og húmanískrar hefðar. Það að mæta þeim sem á vegi þínum verða eins og þú vilt að þér sé mætt er lífsregla margra trúarbragða. Í kristinni trú er kærleikurinn til náungans sú undirstaða sem gefin er til leiðbeiningar í samskiptum. Allar rannsóknir sýna að samskipti við aðra skipta höfuðmáli í lífi okkar. Þetta vita þau sem um hafa hugsað „Maður er manns gaman“, kvað höfundur Hávamála. Hugsanir okkar, tilfinningar og gerðir mótast af því hvernig við umgöngumst annað fólk. Þess vegna er einmanaleiki tærandi en náungakærleikur nærandi.

Ofrú á frjálsan markað

Það er alvarlegt þegar samkeppni er allsráðandi en samkennd, samvinna, samhugur og um leið samvíska eru lögð til hliðar. Samkeppni, einstaklingsfrelsi og ofrú á fyrirbæri eins og frjálsan markað leiðir til einangrunar og einmanaleika sem jafnvel þau sem virðast hafa allt til alls og aðgang að öllu og öllum finna fyrir. Það getur líka virst klisjukennt að tala um náungakærleika sem er andstæða einangrunar og vísar til mikilvægs grunnildis sem kristin trú deilir með fjölmörgum siðakerfum öðrum. Orðið getur virst yfirborðskennt og óþægilegt. Af þeim sökum og ýmsum öðrum er umræðu um kristin gildi líka oft mætt með fálæti. Slíkt tómlæti stafar ekki alltaf af því að fólk taki afstöðu gegn gildum af þessu tagi heldur getur það stafað af söknuði eftir innihaldi. Það virðist sem þau hafi skort þann hljómgrunn í samfélaginu sem fólk jafnvel óskar. Hér á landi tilheyrja langflestar kristinni kirkju. Við getum því ætlað að almenningur byggji líf sitt á gildum sem sótt eru til hennar en samfélagið allt, lagaumhverfi okkar, saga og menning byggja á þeim grunni. Á undanförunum árum hefur verið vegið að þessum gildum og þau smámsaman máðst út úr umhverfi okkar. Þessi gildi sem flest eru sammannleg þarf því að endurreisa þar á meðal náungakærleikann sem tengir okkur saman og minnir okkur á að við myndum eina heild. Það skiptir máli en hefur gleymst á tímum hraða, græðgi og áherslu á eigin hag — oft á kostnað náungans. Hegðun af þessu tagi hefur kallað fram sársauka og við verðum að þora að finna til. Við þurfum að horfast í augu við þá óþægilegu tilfinningu að við höfum verið svikin.

Stefna einstaklingshyggju og hugmyndafræði um markað sem stjórnáði sér sjálfur og leiddi sjálfkrafa til bestu niðurstöðu fyrir samfélagið hefur beðið skipbrot. Eftir stöndum við hnípin, reið og full blygðunar. Við köllum eftir réttlæti, köllum eftir raunverulegri iðrun sem er forsenda allra sátta og fyrirgefningar en hún er síðasta skrefið í erfiðu sáttaferli. Þess verður ekki krafist að þolendur fyrirgefi án þess að í ljós verði leitt hverjir beri ábyrgð á því hrúni sem orðið hefur og þeir geri yfirbót, bæti fyrir brot sín með ápreifanlegum hætti.

Erindi guðfræðinnar

Sá vandi sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir nú er ekki aðeins hagfræðilegur eða pólitískur heldur ekki síður guðfræðilegur. Guðfræðin býr að orðfæri sem talar inn í sársauka samtímans. Guðfræðin fjallar um gildi sem snúast um velferð, um náungakærleika, um samskipti og sjálfskoðun. Guðfræði á erindi í umræðu um mannleg kjör. Hún sér fyrir sér samfélag þar sem félagslegt réttlæti ríkir og þar sem menn bera virðingu hver fyrir öðrum og láta sig skipta aðstæður hvers annars. Allt eru þetta grundvallarþættir í kristinni kenningu og eru síður en svo einkamál þeirra sem kalla sig stjórnmálamenn eða hreyfinga sem kalla sig flokka. Kannski er hluti af öförum okkar fólgin í því hver sem við erum, hvað sem við fáumst við, hverjar sem vonir okkar og þrjár eru að við létum of fáa um að leiða umræðuna sem leiddi okkur inn í öngstrætið. Við sem hér skrifum ætlum að láta af því fyrir okkar leyti og deila sýn okkar með öðrum. Við ætlum leggja orð í belg í fleiri greinum hér í blaðinu, fjalla um líðan fólks eftir hið efnahagslega hrún og benda á hvaða gildi við teljum að leggja eigi áherslu í því samfélagi sem við hljótum að byggja hér upp í sameiningu. Það verður að vera réttlátt samfélag þar sem fyrst og fremst er tekið tillit til þeirra sem höllum fæti standa, samfélag þar sem kristin og sammannleg gildi um kærleika, hógvæð, umhyggjuna verða lögð til grundvallar. Guðfræðin getur að sjálfsögðu ekki svarað öllum spurningum sem leita á hugann ekkert frekar en hagfræðin, stjórnmálafræðin, læknisfræðin eða lögfræðin. Nálgun hennar að viðfangsefninu er önnur og hún er gagnleg. Það er hafið yfir allan vafa af því að guðfræðin spyr fyrst og síðast um það sem mestu máli skiptir — manninn í samfélagi við skapara sinn og alla sköpun. Þessi grein er því aðeins upptaktur hjá okkur sem hér ritum. Við munum á næstunni fjalla um íslenskt samfélag á yfirstandandi tímum sem valda mörgum svo miklum sársauka.

Anna Sigríður Pálsdóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Pétur Pétursson
Sólveig Anna Böasdóttir
Sigrún Óskarsdóttir
Sigurður Árni Þórðarson

Allur réttur áskilinn © 2000-2009 Þjóðkirkjan

Sr. Sigurður Arnarson, innsent efni

Kjolahönnuður og klæðskeri



Eins og áður hefur komið fram í Brúnni þá er Berglind Ómarsdóttir klæðskeri og kjólahönnuður flutt til Luxembourg. Berglind hefur komið sér upp aðstöðu á heimili sínu í Strassen og hafi einhverjir áhuga á

að nýta sér þjónustu hennar er þeim bent á að hafa samband við hana í síma 621 430 926.

Heimasíða með myndum er í vinnslu en öllum er velkomið að heimsækja Berglindi og sjá það sem hún hefur verið að gera.

Fréttatilkynning

Bækur og geisladiskar

Eigum ennþá nokkur eintök af eftirtöldum bókum og geisladiskum og innifalið í verði er póstsendingarkostnaður.



Bækur 14 €

Jón Ólafur jólasveinn – Kikka
Rótleysi rokk og rómantik – Ingibjörg Reynisdóttir
Fánýtur fróðleikur

Ég ef mig skyldi kalla – Þráinn Bertelsson

Sá einhverfi – Jóna Á. Gísladóttir

Myrká – Arnaldur Indriðason

Sólkross – Óttar M. Norðfjörð

Fiasól er flottust – Kristín Helga Gunnarsdóttir

Ripleys believe it or not

Hvernig ég hertók höll Saddams – Börkur Gunnarss.

CD / DVD 10 €

Trixin í takkaskónum

Diddú og Terem

Laufey og Torfi

E-mail laufeyvil@gmail.com

Sími 2674 7901 og 621 633 934

Bjór breytir körlum í konur



Samkvæmt rannsókn evrópskra vísindamanna, sem kynnt var á ráðstefnu 2007, inniheldur bjór töluvert magn af kvenhormónum. Prófanir voru gerðar á 100 mönnum yfir ákveðið tímabil.

Allir mennirnir þyngdust nokkuð, fundu þörf til að tala fram úr hófi án þess að hafa eitthvað að segja, urðu óvenju tilfinninganæmir, gátu ekki keyrt né hugsað rökrétt, rifust yfir engu, settust við þvaglát, neituðu að biðjast afsökunar þegar þeir höfðu á röngu að standa og stóðu sig verr í rúminu. SKÁL!

Ritstj. samantekt 24 std (30. 11.07)

Ráðagóðahornið

Þvöið aldrei glugga í sól. Þeir þorna of fljótt og þá koma taumar á rúðurnar.

Ef kertastjakinn er þakinn í vaxi settu hann þá í frysti í eina klukkustund og vaxið losnar af í flygsum. Einnig er gott að þrifa kertastjaka undir sjóðandi heitu vatni og þerra síðan með bréfpurrku.

Ef grunur er um lús á blómunum þá má reyna að setja sneið af hrárrí kartöflu á moldina. Ef lýs eru fyrir hendi þá safnast þær saman þar. Síðan þarf bara að skipta um sneiðar þangað til allar lýsnar eru farnar.

Ef fitulagið er orðið þykkt ofan á eldhússkápunum þá getur verið erfitt að ná því af með vatni og sápu. Rúðuúði og rök tuska geta þá komið að góðum notum. Úðinn er ótrúlega kröftugt efni til að leysa upp fitu.

Ritstjóri / Netíð o.fl.

Rúna sýnir í Metz

Rúna (R.Benedikta) tók þátt í lista"messunni" art-metz sem haldin var síðustu fjóra dagana í mars 2009 í Metz í Frakklandi.

Yfir 100 listamenn tóku þátt í sýningunni og nokkur Gallerí. Meðal þátttakenda voru listamenn af ýmsum þjóðernum, lang flestir franskir en sumir voru lengra að komnir, t.d. frá Argentínu, Kanada og Suður Kóreu svo eitthvað sé nefnt.



Þarna mátti sjá mjög fjölbreytt úrval af myndlist....málverk, skúlptúra og ýmislegt fleira og þarna gafst skemmtilegt tækifæri til að hitta listamennina og spjalla við þá um verkin á sýningunni.



Þetta er 9. árið sem art-metz er haldið. Frekari upplýsingar eru á www.artmetz.com og www.rbenedikta.com

Guðrún Benedikta Elíasdóttir

tel+352 264 30 254 - mobile +352 621 743030

Skálanes í Seyðisfirði

Annarskonar gönguferðir býður Skálanes, Náttúru og Menningarsetur í Seyðisfirði uppá fyrir gönguhópa sumarið 2009.

Upplifun, fræðsla, spennandi matur og gönguleiðir sem miða að því að sjá sem áhugaverðasta staði en ekki endilega að ganga hefðbundnar aldagamlar bæðarleiðir.

Best er að fara inná heimasíðuna www.skalanes.com eða senda e-mail á skalanes@skalanes.com til að hægt sé að gera sér grein fyrir öllum þeim fjölbreytileika sem þar er boðið upp á.



Fallegar myndir eru líka á heimasíðunni og mikill fróðleikur um allt nánasta umhverfi og er Mjólfjörður og Loðmundarfjörður ekki undanskilinn þar.

Innsent efni / Styttling er ritstjóra



Ólafur Örn Pétursson
(+354) 861 7008

SKALANES
Náttúru- og menningarsetur
710 Seyðisfjörður
skalanes@skalanes.com
www.skalanes.com

Fjórir synir

Hjón nokkur áttu fjóra syni. Sá elsti var rauðhærður og með mjög hvíta húð og mjög hávaxinn á meðan sá yngsti var dökkhærður og mjög smágerður auk þess að vera með mjög dökka húð.

Sjálfur var karlinn skolhærður og feitlaginn og konan hans ljóshærð og gullfalleg.

Þegar maðurinn veiktist svo og var að deyta ákvað hann að spyrja konuna sína um þennan yngsta og hvort hann sé örugglega sonur hans. "Ástin mín, auðvitað er hann sonur þinn."

Konan gekk út og hugsaði með sér. "Mikið var gott að hann spurði mig ekki um hina þrjá!"

Ritstjóri / Netíð

Börnin og grínið

Hvernig fara Hafnfríðingar að því að falska 500 króna seðil? "Þeir stroka bara núllið af 5.000 króna seðili!"

Atli Fannar 10 ára



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2008-2009

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Óskar Bragi Sigþórsson	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net
Elsa Dórothea Kjartansdóttir	26 684 323,	621 572 779	elsakja@simnet.is
Katrín Helga Guðbrandsdóttir	26 68 7277,	661 277 954	katrinhelga@gmail.com
Sigrún Þorgilsdóttir	26 782 229,	691 552 040	bjorn@pt.lu

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2008-2009

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinnsson		435 183

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Herdís Þórisdóttir (Dísa)	formaður	350 206	621 376 290
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Tekla Skowronski		455 721	
Hjördís Ingvarsdóttir		26 350 832	621 485 563
Laufey Vilhjálmisdóttir		26 747 901	621 633 934
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir		26 785 903	691 964 040



Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Notaður bíll til sölu
Renault Grand Espace 2,2dt 2000 árgerð. Ekinn 175000 km. 7 sæti, sumar og vetrar dekk á felgum, thule þakbox. Skipti á minni bil kæmi til greina. Verð 5500 €
Upplýsingar í síma +352 621 315 902 eða +352 2694 5105 E-mail: thora.karlsdottir@cargolux.com

Bækur, CD og DVD

Bækur frá Forlaginu og Sögum útgáfu til sölu hjá Laufeyju og Torfa sjá á bls. 3.

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt er til sölu hjá Icelkost og fyrirhugað er að koma næst þann 4. apríl næstkomandi. Billinn verður kl. 11:00 til 11:30 í Centre Polyvalent Junglinster, Luxembourg. Sjá nánar auglýsingu á www.islandus.net
Netfang er icelkost@t-online.de
símar eru +49 4298 466 826 og +49 176 210 480 66.

Ungbarnastóll frá Jané (svipaður Maxi Cosy stól) til sölu á 90€, ónotaður, dökkgrár með lime-grænu.
Upplýsingar veitir Vala í síma 621 674 427.

Þjónusta

Aðstoð við garðvinnu fyrir sumarið?

Við klippum runna, tökum niður tré og klippum greinar. Hreinsum til í garðinum, plöntum blómum og trjám, leggjum gras, hreinsum mosa úr grasinu og af steinveggjum og annað sem þarf að gera.

Tala sænsku, þýsku og get bjargað mér í ensku. Vinsamlegast hafið samband við ESKO sími 691 96 84 84 eða á E-maili esko@gmail.com
Meðmæli frá Laufeyju og Hansa sem hafa þegið þjónustu ESKO sem kemur frá Svíþjóð.

Barnapössun

Daníel Örn Egilsson er reiðubúinn til þess að gæta barna á kvöldin og um helgar. Er 15 ára og vanur börnun.
Upplýsingar í síma 621 674 427.

Ræstingar

Frábær ræstingarkona vill endilega fá að skúra á fleiri heimilum. Hún talar frönsku og skúringatáknmal við þá sem ekki skilja frönsku. Beint samband við Mme Khadraoui er í síma (+33)631 590 811 en einnig má hafa samband við Laufeyju og/eða Torfa í síma 2674 7901 og 621 633 934. Þau gefa konunni sín bestu meðmæli.

Herbergi til leigu á Íslandi

Lítið herbergi til leigu í Nýjalandi ehf. Eiðistorgi. Mjög rólegt og alltaf bílastæði. Á sama stað er rekin stofa með Höfuðbeina- og spjaldhryggsgjöfnun o.fl. Nánari upplýsingar veitir Stefánía Ólafsdóttir í síma (+354) 868 2880 www.nyjaland.net

Íbúðir til leigu á Barcelona

<http://ibudbarcelona.blogspot.com/>
<http://apartbarcelona.blogspot.com/>
Ragnar R. +354 5812687/847 2374
E-mail rara@simnet.is
Kolbrún Rut Ragn. 34 932379992
+34 67 633 5408,
kolbrunn@hotmail.com
Skoðið vefsíðurnar.

Símaskrá

Breytingar

Kristjón Grétarsson
Nína Þórarinsdóttir
18 an de Strachen
L-5243 SANDWEILER
GSM KG 621 492 607
GSM NP 621 148 504
E-mail KG kristjong@gmail.com
E-mail NG ninathorens@gmail.com

Nýjir meðlimir

Baldur Vilhjálmsson
Hildur Petra Friðriksdóttir
Bemelerweg 46 b
6226 HA MAASTRICHT, HOLLAND
Sími +354 490 4565
Gsm BV +31 681 467 863
Gsm HPF +31 681 467 864
E-mail BV 757bvi@gmail.com
E-mail HPF hildurpetra@gmail.com

Kjartan Björgvinsson

Sylvía Ólafsdóttir
9 rue Walram
L-2715 LUXEMBOURG
Gsm KB 621 288 075
Gsm SÓ 354 898 7167
E-mail KB kjartanbjarni@gmail.com
E-mail SÓ sylviako@hi.is